

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2000

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2000 frá 28. júní 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB frá 17. júlí 2000 um að taka upp evrópska skrá yfir losun mengandi efna (EPER) í samræmi við 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2g (tilskipun ráðsins 96/61/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2ga. **32000 D 0479:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB frá 17. júlí 2000 um að taka upp evrópska skrá yfir losun mengandi efna (EPER) í samræmi við 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) (Stjtið. EB L 192, 28.7.2000, bls. 36).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 77 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 192, 28.7.2000, bls. 36.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.